

Tölvunarfræði er góður valkostur

Umsóknum fækkar

Frá árinu 1998, þegar Háskólinn í Reykjavík (HR) hóf starfsemi, og fram til ársins 2002 var mikil aðsókn í tölvunarfræðinám við skólann. Svipaða sögu má segja um tölvunarfræðinám við aðra háskóla hérlendis sem erlendis. Helsta ástæða mikils áhuga nemenda á tölvunarfræðinámi var uppgangur tæknifyrirtækja á umræddum tíma í atvinnulífi og á hlutabréfamörkuðum. Tæknifyrirtæki kepptust um vinnuafli, laun voru mjög há og góðir nemendur gátu valið á milli margra starfa.

Eins og flestir vita hefur eftirspurn eftir fólki með tölvunarfræðimenntun minnkað nokkuð undanfarin 2-3 ár samfara lækkun á gengi tæknifyrirtækja á hlutabréfamörkuðum og jafnframt samfara samdrætti í fjárfestingum fyrirtækja í vél- og hugbúnaði. Nokkurn veginn samtímis hefur áhugi nemenda á tölvunarfræðinámi minnkað verulega. Taflan hér fyrir neðan sýnir þróun á heildarfjölda umsókna (í staðarnám, fjarnám og háskólanám með vinnu) í tölvunarfræði við HR á árunum 1998-2003. Jafnframt má sjá hversu stórt hlutfall umsækjenda eru konur. Þess ber að geta að tölvunarfræðideild HR velur úr hópi umsækjenda þannig að ekki komast allir umsækjendur að í nám.

	Breyting frá fyrra		Karlar	Konur	% Konur
	Samtals	ári			
1998	363		278	85	23,4%
1999	251	-30,9%	183	68	27,1%
2000	387	54,2%	265	122	31,5%
2001	570	47,3%	401	169	29,6%
2002	289	-49,3%	245	44	15,2%
2003	183	-36,7%	160	23	12,6%

Áhyggjuefni

Úr töflunni má lesa tvennt sem veldur nokkrum áhyggjum. Í fyrsta lagi má sjá að umsóknum í tölvunarfræði við HR hefur farið verulega fækkandi á síðustu tveimur árum (nýjustu tölur um umsóknir í staðarnám og fjarnám fyrir árið 2004 eru einnig nokkuð lægri en á árinu 2003). Ljóst er að eftirspurn eftir tölvunarfræðinámi var óvenjulega mikil á árinu 2001 en jafnmikil fækkun umsókn og raun ber vitni er samt sem áður áhyggjuefni. Atvinnuhorfur tölvunarfræðinga eru vissulega ekki jafn góðar og á árinu 2001 en ýmislegt bendir til þess að eftir 2-3 ár verði myndin gerbreytt. Miklum hagvexti er spáð á Íslandi á næstu árum og þá er líklegt að fjárfesting fyrirtækja í vél- og hugbúnaði taki við sér. Það verður að teljast afar líklegt að vegna fækkunar tölvunarfræðinema undanfarin 2-3 ár muni verða verulegur skortur á fólki með tölvunarfræðimenntun á árunum 2006-2007. Að auki má hér nefna að spár til lengri tíma gera ráð fyrir mun meiri vexti í upplýsingatækni en almennt í öðrum atvinnugreinum (sjá t.d. U.S. Department of Labor, Bureau of Labor Statistics: <http://www.bls.gov/oco/ocos042.htm>).

Hitt áhyggjuefnið er hlutfallsleg fækkun kvenna í tölvunarfræðinámi. Um 31% umsækjenda í tölvunarfræðideild HR voru konur á árunum 2000-2001 og var það tiltölulega hátt hlutfall á alþjóðlegan mælikvarða. Síðan þá hefur hlutfallið hins vegar

farið minnkandi og á árinu 2003 voru konur aðeins um 12% nýnema. Þessi litla og minnkandi þátttaka kvenna í tölvunarfræðinámi er auðvitað algerlega óásættanleg. Sérhvert þjóðfélag hlýtur að þurfa á þátttöku beggja kynja að halda í uppbyggingu upplýsingatækninnar. Það gengur ekki til lengdar að í stórum meirihluta séu það karlar sem taki ákvarðanir á hinum ýmsu sviðum sem tölvunarfræðingar starfa á, s.s. við kennslu, rannsóknir, hugbúnaðargerð, stjórnun og ráðgjöf.

Fjölbreytileg og vel launuð störf

Það er útbreiddur misskilningur að fyrri reynsla af tölvum og forritun sé nauðsynleg til að stunda tölvunarfræðinámi. Sérstaklega er þetta útbreiddur misskilningur hjá konum. Tölvunarfræðideild HR gerir ekki kröfu um að nemendur hafi útskrifast af tiltekinni braut úr framhaldsskóla og margoft hefur það sýnt sig að góðir nemendur ná góðum árangri í tölvunarfræðinámi þrátt fyrir að hafa ekki kynnst forritun í framhaldsskóla.

Tölvunarfræðinámi er góður valkostur fyrir nemendur sem vilja eiga kost á fjölbreytilegum, hagnýtum og vel launuðum störfum að námi loknu. Hér má nefna störf við alla þætti hugbúnaðargerðar, s.s. greiningu, hönnun, forritun og prófanir eða önnur störf eins og stjórnun, ráðgjöf, rannsóknir og kennslu.

Þann 12. júní n.k. útskrifar tölvunarfræðideild HR 92 nemendur með BS gráðu og hefur þá útskrifað samtals 296 nemendur með BS gráðu frá árinu 1998. Deildinni er ekki kunnugt um annað en að langflestir þessara tölvunarfræðinga starfi í upplýsingatæknigeiranum.

Að lokum má nefna að mikill skortur er á fólki hér á landi með framhaldsmenntun í faginu – tölvunarfræðideild HR hefur einmitt lagt mikla áherslu á uppbyggingu meistaranáms sem hófst í fyrsta sinn haustið 2003.

Til að fjölga nemendum í tölvunarfræði á næsta skólaári hefur HR framlengt umsóknarfrest í námið og rennur hann út 30. júní n.k.

Höfundur er lektor við tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík.